

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein-
ingar, og til þess þér kunngjörð það Hannesi prestaskólakennara 8. febrúar. 1862.
Árnasyni og landfógetanum á Íslandi.

**6. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 8. febrúar
valdanna á Íslandi, um úthlutun á styrktarfé
prestaekknna¹.**

Eptir að kirkju- og kennslu-stjórnin er búin að skrifast á við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, útaf uppástungum yðar, herra stiptamtáður, og yðar, háæruverðugi herra, er þér gjörðud í bréfi 6. maím. f. á., um úthlutun þeirra 400 ríkisdala, sem í fjárlöggunum eru veittir til styrks handa fátækustu prestaekkjum á Íslandi, skal yður það nú kunngjört, í sambandi við bréf stjórnarráðsins 3. júlím. f. á., til þess þér hagið yður eptir því og gætið þess framvegis, að allt fé það, sem hér er um rætt, ber að úthluta samkvæmt því, sem þér hafið farið fram á í bréfi því, sem áður er getið, þannig að stiptsyfirvöldin útbýta því, eptir því, sem þau hafa bezt vit á, til fátækustu prestaekknna í öllu landinu, án þess tekið sè til greina, hvar þær eiga heima.

Því skal við bætt, að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið ritað það, sem þörf er á um þetta efni.

1) Fyrrum var styrktarfé þetta að eins 300 rd. (smbr. bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi 26. febrúarm. 1861), og fengu prestaekkjur í Hóla stipti hinu forna þriðjung þess, en ekkjur í Skálholts stipti tvo þriðjunga. Í bréfi 3. júlím. 1861 féllst stjórnarráðið á, að þeim 100 rd., sem bætt var við fé þetta í fjárlöggunum fyrir árið 1861—62, yrði skipt á sama hátt, en hét úrskurði síðar um það, hvornig öllu fé þessu skyldi framvegis útbýtt.